

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs
í Sveitarfélaginu Vogum, nr. 1633/2023.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar, um sorpgjöld, orðast svo:

Sorpgjald fer eftir rúmmáli þeirra sorpílata sem eru við heimili og er sem hér segir:

<i>Stærð sorpílata</i>	<i>Úrgangsflokkur</i>	<i>Sorpgjald á ári, kr.</i>
140 lítrar	Lífrænt	10.200
240 lítrar	Almennt/lífrænt, tvískipt tunna	34.000
240 lítrar	Almennt sorp	45.000
240 lítrar	Pappír	8.500
240 lítrar	Plast	8.500
660 lítrar	Almennt sorp	123.750
660 lítrar	Pappír	23.400
660 lítrar	Plast	23.400
Breytingargjald vegna breytinga á sorpílátum		3.500

2. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti ofangreinda breytingu á fundi sínum 31. janúar 2024 og auglýsir þá ákvörðun með tilvísun til laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Breytingin öðlast gildi við birtingu.

Sveitarfélaginu Vogum, 31. janúar 2024.

Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 27. febrúar 2024